

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum.

1. gr.

22. gr. 2. mgr. rg. nr. 177/1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum orðist svo: Lofthitastigi í saltfiskkælum skal haldið milli 0°C og +4°C. Kælar fyrir saltfisk skulu vera þannig búnir að hægt sé að halda lofthitastigi milli 0°C og +4°C. Í geymsluhúsnæði fyrir léttverkaða síld skal lofthitastigi haldið milli -5°C og +4°C.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Þó skal ákvæði 2. mgr. 1. gr. ekki öðlast gildi fyrir en 1. september 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkurkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Bolungarvík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameiganda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.
- c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá, (að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar) sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- d. Hundeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lámærstryggingaupphæð verði kr. 10 000 000,00.
- e. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningarnúmer hundsins.